

Fylgiskjal I

Með samningi um notkun og hagnýtingu
(nytjaleyfi skv. 38. gr. laga nr. 45/1997) ábyrgðar- og gæðamerkisins „Í góðu lagi“

Ferill vottunar:

1. Umsækjandi (fyrirtæki/framleiðandi) um vottun sendir skriflega umsókn um vottun
2. Stéttarfélag og umsækjandi eiga í kjölfarið fund þar sem umsækjanda eru kynntar vottunarkröfur, reglur um kjarasamninga, stéttarfélagsaðild og vinnurétt almennt.
 - a. Umsækjandi afhendir stéttarfélagi upplýsingar um heildarfjölda starfsmanna, fjölda starfsmanna sem eru í hlutaðeigandi stéttarfélagi, trúnaðarmann og öryggistrúnaðarmann.
 - b. Stéttarfélag gefur umsækjanda frest til að senda eftirfarandi umbeðin gögn
 - i. Ráðningarsamninga starfsfólks Alla jafna skal miða við handahófskennt úrtak úr hópi starfsfólks nema félagið telji sérstaka þörf á öðru.
 - ii. Launaseðla starfsfólks (síðustu 12 mánuðir) Alla jafna skal miða við handahófskennt úrtak úr hópi starfsfólks nema félagið telji sérsaka þörf á öðru.
 - iii. Tímaskráningar starfsfólks (síðustu 12 mánuðir)
 - iv. Staðfesta tilvist félagslegs trúnaðarmanns/a. Heimilt fyrir félagið að víkja frá ef færri en 5 á starfsstöð.
 - v. Staðfesta tilvist öryggistrúnaðarmanns/a. Heimilt fyrir félagið að víkja frá ef færri en 10 á starfsstöð.
 - vi. Húsaleigusamninga (ef umsækjandi eða tengdur aðili er leigusali einhverra starfsmanna)¹
 - vii. Starfsmannahandbók sem inniheldur
 1. Sýn félagsins eða eigenda
 2. Helstu markmið ásamt gæðamarkmiðum
 3. Helstu stefnur fyrirtækisins svo sem
 - a. Fyrirtækjastefna
 - b. Mannauðsstefna
 - c. Launa- og starfskjarastefna
 4. Umhverfisstefna: Helstu gildi og til hvers er ætlast af starfsfólki
 5. Hvernig móttöku nýliða er háttað
 6. Helstu umgengisreglur
 7. Útskýringar á lögbundnum skyldum
 - a. Félagslegir trúnaðarmenn

- b. Öryggistrúnaðarmenn
 - c. Vernd uppljóstrara
 - d. Persónuvernd
8. Þjálfun og endurmenntun
- viii. Öryggisáætlun sbr. XI. kafli *laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum*
 - ix. Áætlun um viðbrögð vegna eineltis og/eða kynferðislegrar áreitni á vinnustað sbr. XI. kafli *laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum*
3. Stéttarfélag skal staðfesta móttöku umbeðinna gagna og tilkynna og upplýsa um frestinn sem það gefur sér til yfirferðar. Sé eitthvað óljóst eða frekari upplýsinga/skýringa er óskað skal stéttarfélagið óska eftir því við umsækjanda. Séu ágallar á gögnum metur stéttarfélag hvort að þær séu þess eðlis að gefinn sé kostur á úrbótum eða hvort vottun er synjað séu ágallar meiriháttar.
4. Þegar yfirferð skv. framangreindu er lokið skal stéttarfélag annað hvort senda umsækjanda formlega yfirlýsing um vottun (fylgiskjal 2) eða skriflega synjun með skýringum.

Eftirlit vottunar:

- Á meðan að vottun er í gildi er almennu eftirliti hagað með eftirfarandi hætti:
 - o Stéttarfélag sendir hinum vottaða aðila beiðni um öll eða hluta af gögnum skv. framangreindum lista á 12 mánaða fresti. Hægt er að óska eftir gögnum á sex mánaða fresti ef þörf þykir. Umbeðin gögn skulu sendast innan við viku frá því beiðni barst. Alla jafna skal miðað við handahófskennt úrtak úr hópi starfsfólks nema félagið telji sérstaka þörf á öðru.
 - o Stéttarfélag skal eiga kost á samtölum við trúnaðarmann/menn hins vottaða aðila á vinnutíma telji það þörf á.
 - o Stéttarfélag getur sinnt sérstöku eftirliti með heimsóknum á vinnustað en samráð um slíkt skal eiga við fyrirtæki/framleiðanda áður en svo er gert.
 - o Ekkert af framangreindu kemur í veg fyrir að stéttarfélag nýti heimildir sínar til almenns eftirlits og/eða samskipta við starfsfólk og trúnaðarmenn skv. reglum laga og almennra kjarasamninga